

18. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 06.10 2015, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Aðalfundarboð HAUST
3. Hallormsstaðaskóli
4. Ályktun frá stjórn Skólastjórafélags Austurlands
5. Innheimtupjónusta, *Daníel Irvine kynnir þjónustu Inkasso kl. 15.00*
6. Útboð sorphirðu
7. Millilandaflug á Íslandi
8. Bréf
 - a) Veðurstofa Íslands dags. 22.09
 - b) Forsætisráðuneytið dags. 23.09
 - c) Mannvirkjastofnun dags. 22.09
 - d) Umhverfisstofnun dags. 11.09
 - e) Helgi Hallgrímsson dags. 15.09
 - f) Innanríkisráðuneytið dags. 16.09
9. Umhverfisstyrkir

Eyjólfur og Þórdís , Melum
10. Fjárbeiðnir
 - a) Skáksamband Austurlands
 - b) Aflið, samtök gegn kynferðis-og heimilisofbeldi á Norðurlandi
 - c) Skógarafurðir
11. Fundargerðir
 - a) Félagsmálanefnd 23.09
 - b) Ársalir 24.08 og 02.09
 - c) Samtök orkusveitarfélaga 25.08
 - d) Bygginga-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 14.09
 - e) HAUST 02.09

f) Brunavarnir á Austurlandi 04.09

12. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti var fríi vikuna 7.- 13. september og annaðist Lárus afleysingu.

Útboð á sorphirðu fyrir sveitarfélögin Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótdalshrepp hefur verið auglýst. Tilboðsfrestur er til 15. október 2015.

Oddviti sat Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2015 í Reykjavík 24.-25. september og einnig ársfund Jöfnunarsjóðs 24. sept. Árbók sveitarfélaganna sem árlega hefur komið út í tengslum við ráðstefnuna, var að þessu sinni ekki tilbúin, en gefið var út upplýsingarit yfir helstu lykiltölur .

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga boðar til orkufundar 15. okt, nk. Í Mývatnssveit.

Oddviti og Anna Jóna, ásamt Skúla Birni sátu fund á Reyðarfirði með þingmönnum kjördæmisins 1. okt. sl. Til umræðu voru ferðamál þ.a.m. uppbygging á Hengifossvæði, málefni Gunnarsstofnunar, landbúnaður/skógrækt, vega-og ljósleiðarauppbygging, skráning þjóðlenda o.fl.

Oddviti sat, sem fulltrúi Fljótsdalshrepps aðalfund SSA á Djúpavogi 2.og 3. október. Nýtt fyrirkomulag var reynt á fundinum , þar sem settar voru upp 5 málstofur um , umhverfismál, almenningsamgöngur, ljósleiðaravæðingu, svæðisskipulag og þjónustu við fatlað fólk. Fyrirkomulag þetta hlaut góðar undirtektir. Aðalfundurinn afgreiddi frá sér ályktanir um fjölmörg mál, er tengjast hagsmunum landshlutans.

Fyrirhugað er að halda sama fyrirkomulagi og síðustu ár varðandi fund með fjárlaganefnd Alþingis, þ.e. að vera með Fljótsdalshéraði , Borgarfjarðarhrepp og Seyðisfjarðarkaupstað, og leggja fram sameiginlegan málalista fyrir fjárlaganefnd. Fundartími er 09.10 kl. 11.20-12.00. Sama dag er Umhverfisping 2015 haldið í Reykjavík, þingið fjallar að þessu sinni um samspil náttúru og ferðamanna.

Framkvæmdir við að setja niður starfsmannahús/gámahús við Laugarfellsskála og tengja lagnir, eru langt komnar.

Með aðstoð SEEDS sjálfboðaliða voru unnar nokkrar lagfæringar á stíg að Hengifossi. Hleypt hefur verið rafmagni á snyrtihúsið og vatn úr borholu verið verið tengt inn á húsið. Verið er að skoða að fara í framkvæmdir í haust,við undirbyggingu stækkunar á bílplani.

Fyrri slitlag var lagt á veg frá Vallholti að Hrafnkelsstöðum og nýr afleggjari lagður að Óbyggðasetri , ásamt plani. Þá var borið ofan í veg frá brú yfir Laugará að starfsmannahúsi og skála. Varðandi fyrirhugaðar styrkvegajóðsframkvæmdir á árinu, þá var rör sett í pytt á slóða að Bergkvíslarkofa, en ekki hafnar framkvæmdir á vegi frá Egilsstöðum að Kleif, en þar er helst horft til framkvæmda við klif og Eyrarselsá.

Lárus varaoddviti sat fund um flugvallarverkefnið 8. september.

Framkvæmdastjóri Locatify (ferðaapp) býður Fljótsdalshreppi að búa til app fyrir sveitarfélagið og bendir til upplýsingar á app sem var unnið fyrir Vestmannaeyjar.

Forsætisráðuneytið boðaði til fundar á Egilsstöðum 15.september til að kynna ný lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015. Oddviti hafði ekki tók á að sækja fundinn.

Vegagerðin er að láta hana skilti sem sýnir helstu umferðarleiðir í sveitinni og staðsetningu bæja og þjónustustaða. Gert er ráð fyrir að skiltin verði sett upp við vegamót Fljótsdalsveggar á Gilsáreyri og við Hengifossá.

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga verður haldinn á Egilsstöðum 8.-9. október.

Fjölmenningssetur hefur óskað eftir upplýsingum um hvort sveitarfélög hafi fyrirbyggjandi móttökuáætlanir vegna innflytjenda. Ekki hafa verið gerðar slíkar áætlanir í Fljótsdalshreppi.

Lárus, Anna Jóna og oddviti sátu fund með sveitarstjórnarfulltrúa SSA á Egilsstöðum 16. september, til umræðu voru fyrirbyggjandi ályktanir til aðalfundar SSA 2015 o.fl.

Dómsmálaráðuneytið hefur óskað leiðréttingar á skráningu fasteigna (íbúðir í Hallormsstaðaskóla), en eignarhlutur ríkisins var rangt skráður í Fasteignaskrá. Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað hafa undirritað gögn er þetta varðar.

Sameiginlegu erindi landeigenda, Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps sem beint var til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis 6. mars 2014 og varðaði svæði á Gilsárdal, sem er á Náttúruminjaskrá, hefur ekki enn verið formlega svarað . Síðustu fregnir eru þær að ráðuneytið bíði staðfestingu nýrra náttúruverndarlaga, sem áætlað er að taki gildi 15. nóvember 2015.

Meðal mála í meðferð á Alþingi og óskað er umsagna um eru : tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu, frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja og tillaga um þingsályktun um landskipulagsstefnu 2015-2016. Umsagnarfrestur er að venju knappur og rennur út varðandi þessi mál 8.október.

2. **Aðalfundarboð HAUST.** Boðað er til aðalfundar HAUST 28.10.2015 kl. 14.00 fundurinn verður haldinn í Hoffelli í Hornafirði. Oddviti tilnefndur sem fulltrúi sveitarfélagsins og varaoddviti til vara. Oddvita falið að koma umboði á fundinn, ef hann á ekki heimangengt.
3. **Hallormsstaðaskóli.**
 - a) Gengið hefur verið frá kaupsamningi við 701 hotels ehf. og verða húseignirnar afhentar 1. nóv.
 - b) Kynntir voru minnisþingir frá samráðsfundi 01.10 ,vegna frágangs í Hallormsstaðaskóla. Á fundinum lagði Fljótsdalshérað fram drög að samkomulagi um lok samstarfssamnings um Hallormsstaðaskóla. Samþykkt að fá lögfræðing sveitarfélagsins til þess að lesa drögin yfir.
 - c) Fljótsdalshérað hefur lagt fram tillögu um að lækka verðmat eignalista lausafjarmuna um 5.1 millj. Verðmat sem hafði verið lagt til grundvallar uppgjörs, var unnið af Sjóvá og Fljótsdalshreppur samþykkti það fyrir sitt leyti og telur óásættanlegt að fyrirbyggjandi verðmat skuli lækkað einhliða af hálfu Fljótsdalshéraðs. Oddvita falið að ræða við bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs um niðurstöðu málsins.
4. **Ályktun frá stjórn Skólastjórafélags Austurlands.** Varðar kjarasamninga skólastjóra. Kynnt.
5. **Innheimtuþjónusta,** Daníel Irvine starfsmaður innheimtufyrirtækisins INKASSO mætti á fund sveitarstjórnar kl. 15.00 og kynnti þjónustu fyrirtækisins. Daníel yfirgaf fundinn kl. 16.00
Samþykkt að nýta innheimtugerfi INKASSO, til reynslu í eitt ár.

- 6. Útboð sorphirðu.** Útboð sorphirðu Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar stendur yfir, tilboðsfrestur er til 15. okt. kl. 14.00
- 7. Millilandaflug á Íslandi.** Varðar beint flug frá Bretlandi til Egilsstaða, ósk um fjárhagslega aðkomu sveitarfélaganna á svæðinu. Samþykkt að Fljótsdalshreppur taki þátt samkvæmt þeim forsendum sem lagt er upp með í erindi Austurbrúar, ef önnur sveitarfélög gera það einnig.
- 8. Bréf**
- a) Veðurstofa Íslands dags. 22.09. Beiðni um upplýsingar vegna vatnsflóða. Oddviti tilnefndur sem tengiliður.
 - b) Forsætisráðuneytið dags. 23.09. Drög að eigendastefnu fyrir Þjóðlendur. Óskað eftir ábendingum og umsögnum fyrir 09.10.15.
 - c) Mannvirkjastofnun dags. 22.09. Úttekt á slökkviliði Brunavarna á Austurlandi. Gerðar eru verulegar athugasemdir. Skýrslunni vísað til stjórnar Brunavarna á Austurlandi.
 - d) Umhverfisstofnun dags. 11.09. Minnt á skil á skýrslum um refa- og minkaveiðar. Kynnt.
 - e) Helgi Hallgrímsson dags. 15.09. Varðar Fljótsdælu. Kynnt.
 - f) Innanríkisráðuneytið dags. 16.09. Varðar tímabundna verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Kynnt
- 9. Umhverfisstyrkir**
- Eyjólfur og Þórdís, Melum. Samþykktur hámarksstyrkur.
- 10. Fjárbæiðir**
- a) Skáksamband Austurlands. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 10.000-
 - b) Aflið, samtök gegn kynferðis-og heimilisofbeldi á Norðurlandi. Hafnað.
 - c) Skógarafurðir. Óskað er eftir stuðningi sveitafélagsins við uppbyggingu viðarúrvinnslu á Víðivöllum. Frestað.
- 11. Fundargerðir**
- a) Félagsmálanefnd 23.09. Kynnt.
 - b) Ársalir 24.08 og 02.09. Kynnt.
 - c) Samtök orkusveitarfélaga 25.08. Kynnt
 - d) Bygginga-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 14.09. 1. liður. Byggingarnefnd veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir gripahúsi í Hóli. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
 - e) HAUST 02.09. Kynnt.
 - f) Brunavarnir á Austurlandi 04.09. Kynnt. Lagt er til að færa inn í skiptireglu framlaga aðildarsveitarfélaga, 3. breytu sem væri hlutfall launakostnaðar. Framlöggin hafa hingað til verið ákveðin með hlutfalli annarsvegar fasteigna og brunabótamats í hverju sveitarfélagi og hinsvegar íbúafjölda. Launahlutfallsbreytu væri ætlað að færa framlög hvers

sveitarfélags nær raunverulegum launakostnaði liðanna. Samþykkt að hálfu Fljótsdalshrepps.

12. Önnur mál.

- a) Rætt var um Fjallaskarðsskála og samning við Ferðaklúbbinn 4X4, Austurlandsdeild. Borist hafa ábendingar um slæma umgengni í skálunum. Stefnt er að fara í skoðunarferð á næstunni og óskað verður eftir að fulltrúar Ferðaklúbbsins 4X4 mæti á næsta fund sveitarstjórnar.
- b) Guðmundur Pétursson og Eiríkur J. Kjerúlf hafa óskað eftir að kaupa tvo vinnuskúra sem eftir eru á Bessastöðum.

Anna Jóna og Eiríkur véku af fundi

Samþykkt að selja þeim Guðmundi og Eiríki skúrana á því verði sem boðið er.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitiuð kl 1800

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)